



Erindisbréf fyrir byggðarráð Norðurþings

1. gr.

Markmið

Stjórnskipulag Norðurþings byggir á einfaldri og skilvirkri stjórnsýslu, í samræmi við samþykkt um stjórn og fundarsköp Norðurþings nr. 670/2022, gildandi skipurit og viðauka um fullnaðarafgreiðslu ráða, stjórna, nefnda og embættismanna í stjórnsýslu sveitarfélagsins.

2. gr.

Um hlutverk ráðsins

Byggðarráð er eitt þriggja fagraða Norðurþings og fer ásamt sveitarstjóra með framkvæmdastjórn og fjármálastjórn sveitarfélagsins að því leyti sem þessi mál eru ekki öðrum falin. Byggðarráð hefur eftirlit með stjórnsýslu sveitarfélagsins og fjármálastjórn þess, semur drög að fjárhagsáætlun og viðaukum við hana og leggur þau fyrir sveitarstjórn. Þá sér byggðarráð um að ársreikningar sveitarfélagsins séu reglum samkvæmt og lagðir fyrir sveitarstjórn til meðferðar og afgreiðslu.

Byggðarráð fer með verkefni atvinnu-, markaðs- og kynningarmála.

Byggðarráð starfar í samræmi við stefnumótun, samþykktir og áætlanir sveitarstjórnar Norðurþings. Byggðarráði er heimilt að veita styrki til verkefna sem samræmast stefnumótun sveitarstjórnar og fjárhagsáætlun.

3. gr.

Verkefni byggðarráðs

Helstu verkefni byggðarráðs eru:

- að vera fjármála- og framkvæmdastjórn sveitarfélagsins í samræmi við sveitarstjórnarlög og lög um tekjustofna sveitarfélaga en í því felst m.a. að gera tillögu að fjárhagsáætlun og leggja ársreikning fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu
- að gera tillögur til sveitarstjórnar um stefnumótun og áætlanagerð á verkefnasviði sínu skv. 1. gr. ásamt því að hafa eftirlit með að stefnu sveitarstjórnar á hverjum tíma sé fylgt
- að hafa eftirlit með stofnunum sem vinna á verkefnasviði ráðsins og fylgjast með að þær veiti góða þjónustu og vinni að settum markmiðum í samræmi við lög og ákvarðanir sveitarstjórnar
- að fjalla um málefni fyrirtækja og félaga sem sveitarfélagið á eignarhlut í og gera tillögur um ráðstöfun eigna sveitarfélagsins
- að vinna að atvinnu- og byggðamálum og helstu hagsmunamálum sveitarfélagsins út á við
- að bera ábyrgð á samstarfi sveitarfélagsins við hagsmunaaðila í atvinnulífi
- að stuðla að vexti í rannsóknnum og nýsköpunarstarfi í nánú samstarfi við háskóla,

- þróunar- og nýsköpunarstofnanir í atvinnu- og ferðamálum
- að sinna markaðs og kynningarmálum sveitarfélagsins
- að leggja mat á þá þjónustu sem veitt er á vegum sveitarfélagsins með tölulegum upplýsingum og könnunum á meðal íbúa auk þess að fjalla um ábendingar og athugasemdir sem berast vegna þjónustunnar
- að fara yfir tillögur stjórnenda að fjárhagsáætlun hvers árs sem falla undir verksvið ráðsins og gæta þess í ákvörðunum sínum að halda áætlanir þegar að rekstri og framkvæmdum kemur
- að gera tillögur til sveitarstjórnar um reglur, gjaldskrár, leigu og afnot af mannvirkjum er heyra undir starfsemi ráðsins
- að vera sveitarstjórn að öðru leyti til ráðuneytis varðandi fjármál og rekstur sveitarfélagsins, jafnréttis-, atvinnu- og menningarmál
- Önnur verkefni skv. 32. gr samþykktar um stjórn og fundarskög Norðurþings nr. 670/2022

4. gr.

Ráðningar stjórnenda

Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins og ræður í æðstu stjórnunarstöður, í umboði sveitarstjórnar og í samráði við byggðarráð, 56. gr. samþykktar um stjórn og fundarskög Norðurþings og sbr. 56. sveitarstjórnarlaga. Ráðning starfsmanna skal rúmast innan fjárheimildar í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

Sveitarstjóri kynnir fyrir byggðarráði að til standi að auglýsa starf stjórnanda sem heyra beint undir sveitarstjóra og leggur fram drög að auglýsingu þess efnis. Í auglýsingu skal a.m.k. koma fram hvaða starf sé laust til umsóknar, hvers eðlis starfið er, lágmarks hæfis- og hæfniskröfur og hvaða megin sjónarmiðum verði fylgt við valið. Umsóknarfrestur skal að jafnaði vera 2 vikur en sveitarstjóra er heimilt að framlengja umsóknarfrest, áður en honum lýkur, ef sérstakar ástæður mæla með því. Að viðtölum loknum kynnir sveitarstjóri, fjölda umsækjenda, hæfustu umsækjendurna og leggur fram tillögu um hver verði ráðinn í starfið.

Hafi sveitarstjóri í hyggju að segja upp stjórnanda á fjármála- og stjórnsýslusviði, þá kynnir hann þá ákvörðun fyrir byggðarráði, ásamt rökstuðningi, áður en sú ákvörðun er tekin. Um réttindi, skyldur og starfskjör starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir kjara- og ráðningarsamningum, sbr. 57. gr. sveitarstjórnarlaga. Um ráðningar stjórnenda Norðurþings fer að öðru leyti eftir stjórnsýslulögum og meginreglum stjórnsýsluréttar um undirbúning ráðningar og mat á hæfni umsækjenda.

5. gr.

Ráðningar annarra starfsmanna

Stjórnendur fjármála- og stjórnsýslusviðs ráða stjórnendur stofnana og aðra starfsmenn sviðsins í samráði við sveitarstjóra, sbr. 56. gr. sveitarstjórnarlaga og 57. gr. samþykktar um stjórn og fundarskög Norðurþings og innan fjárheimildar í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Stjórnendur fjármála- og stjórnsýslusviðs óska eftir við starfs- og kjaranefnd að auglýsa starf og leggja rökstuðning um þörf ásamt drögum að auglýsingu þess efnis. Í auglýsingu skal a.m.k. koma fram hvaða starf sé laust til umsóknar, hvers eðlis starfið er, lágmarks hæfis- og hæfniskröfur og hvaða megin sjónarmiðum verði fylgt við valið. Umsóknarfrestur skal að jafnaði vera 2 vikur en stjórnanda fjármála- og stjórnsýslusviðs er heimilt að framlengja umsóknarfrest, áður en honum lýkur, ef sérstakar ástæður mæla með því. Að viðtölum loknum kynnir stjórnandi fyrir sínum næsta yfirmanni eða starfs- og kjaranefnd eftir atvikum hæfustu umsækjendurna og hver var ráðinn í starfið.

Hafi stjórnandi fjármála- og stjórnsýslusviðs í hyggju að segja upp starfsmanni sveitarfélagsins, þá kynnir hann þá ákvörðun fyrir sveitarstjóra, ásamt rökstuðningi, áður



en sú ákvörðun er tekin.

Stjórnendur stofnana ráða aðra starfsmenn í samráði við sinn næsta yfirmann til samræmis við samþykktir um stjórn og fundarsköp Norðurbings og innan fjárheimildar í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

Við ráðningu í tímabundin störf, svo sem til skemmri tíma en 12 mánaða, vegna lögmætra forfalla s.s. fæðingarorlofs og veikindaforfalla, er heimilt að víkja frá kröfu um auglýsingu starfs.

Um réttindi, skyldur og starfskjör starfsmanna sveitarfélags fer eftir kjara- og ráðningarsamningum, sbr. 57. gr. sveitarstjórnarlaga og 61. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Norðurbings. Um ráðningar starfsmanna Norðurbings fer að öðru leyti eftir stjórnsýslulögum og meginreglum stjórnsýsluréttar um undirbúning ráðningar og mat á hæfni umsækjenda.

Um starfsmannamál fer eftir starfsmannastefnu Norðurbings.

6. gr.

Um skipan ráðsins

Byggðarráð er skipað þremur aðalmönnum og jafnmörgum til vara, kosnum af sveitarstjórn til eins árs í senn. Aðalmenn í sveitarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í byggðarráð, sbr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga. Varamenn af sama framboðslista og hinn kjörni byggðarráðsmaður verða varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann þegar kosið var til sveitarstjórnar.

Framboð sem hefur fulltrúa í sveitarstjórn og á ekki kjörinn fulltrúa í byggðarráði skal hafa einn áheyrnarfulltrúa í byggðarráði og annan til vara og skulu þeir fullnægja kjörgengisskilyrðum í byggðarráð, sbr. 3. mgr. 50. gr. sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjórn kýs formann og varaformann byggðarráðs úr hópi kjörinna byggðarráðsmanna. Formaður ákveður dagskrá fundar ráðsins í samstarfi við sveitarstjóra.

Sveitarstjóri sér um að boða til fundar með rafrænu fundarboði ásamt dagskrá og fylgigögnum í samræmi við 29. gr. Samþykktar Norðurbings um stjórn og fundarsköp nr. 670/2022. Geti fulltrúi í ráðinu ekki sótt fund skal hann tilkynna það formanni ráðsins og boða varamann sinn.

7. gr.

Málsmeðferð

Málsmeðferð ráðsins skal vera í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga, stjórnsýslulaga, samþykktar um stjórn og fundarsköp Norðurbings, siðareglna fyrir kjörna fulltrúa hjá Norðurbingi og góðar stjórnsýsluvenjur.

Um fundarsköp á fundum ráðsins gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga, samþykktar um stjórn og fundarsköp Norðurbings og auglýsingar um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna nr. 1181/2021.

Fundir byggðarráðs skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Heimilt að opna fund komi fram ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki. Fulltrúum í byggðarráði er almennt heimilt að nota fjarfundarbúnað í samræmi við samþykktar um stjórn og fundarsköp Norðurbings.

Ráðið skal halda gerðabók og skulu fundargerðir ráðsins þess sendar sveitarstjórn til kynningar. Mál sem þurfa afgreiðslu sveitarstjórnar, s.s. reglur, stefnumótandi ákvarðanir og önnur mál sem rúmast ekki innan fjárheimilda ráðsins, skuli tekin fyrir sem sérstakur dagskrárliður á fundi sveitarstjórnar. Óski byggðarráðsfulltrúi eftir að taka mál á dagskrá



skal hann tilkynna sveitarstjóra það skriflega eða með rafrænum hætti með tillögu eða fyrirspurn fyrir kl. 16:00 daginn fyrir boðun fundar.

Fundir skulu haldnir eigi sjaldnar en tvisvar sinnum í mánuði í samræmi við fundadagatal Norðurlþings, eða eins oft og þurfa þykir innan fjárheimilda ráðsins. Aukafundi skal halda ef sveitarstjóri, formaður byggðarráðs eða a.m.k. tveir aðalfulltrúar í byggðarráði óska þess.

8. gr.

Fullnaðarafgreiðsla

Byggðarráði er heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarstjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur innan ráðsins eða við sveitarstjóra um ákvörðunina. Verði ágreiningur um afgreiðslu mála í byggðarráði fer málið til afgreiðslu í sveitarstjórn og ber forseta að taka það þar til sérstakrar afgreiðslu. Byggðarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka skv. fjárhagsáætlun.

Meðan sveitarstjórn er í leyfi fer byggðarráð með sömu heimildir og sveitarstjórn hefur ella. Sveitarstjórn getur falið byggðarráði fullnaðarafgreiðslu mála, nema lög mæli á annan veg.

9. gr.

Seturéttur

Sveitarstjóri situr fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Formaður byggðarráðs og sveitarstjóri ákveða með hliðsjón af dagskrá fundar hvort aðrir starfsmenn ráðsins sitji fund. Starfsmenn eru ráðgjafar ráðsins, undirbúa fundi í samstarfi við formann og framkvæma ákvarðanir ráðsins eftir að sveitarstjórn hefur fengið fundargerðir til afgreiðslu. Staðgengill sveitarstjóra sér um ritun fundargerða og frágang skjala eftir fundi, nema ráðið ákveði annað.

Mál sem starfsmenn afgreiða í umboði byggðarráðs skulu kynnt ráðinu á næsta fundi ráðsins.

10. gr.

Áheyrnafulltrúar

Hafi sveitarstjórn verið kjörin bundinni hlutfallskosningu og einhver framboðsaðili sem fulltrúa á í sveitarstjórn nær ekki kjöri í byggðarráð, er fulltrúum þessa aðila heimilt að tilnefna áheyrnafulltrúa til þátttöku á fundum byggðarráðs. Áheyrnafulltrúar í byggðarráði skulu vera aðalmenn í sveitarstjórn, sbr. 3. mgr. 50. gr. sveitarstjórnarlaga. Varamenn af sama framboðslista og áheyrnafulltrúar verða varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann þegar kosið var til sveitarstjórnar.

Fulltrúi í byggðarráði skal gæta þagnarskyldu um það sem hann sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að fulltrúi lætur af störfum. Ákvæði þetta gildir einnig um aðra fundarmenn á fundum byggðarráðs.

Fulltrúi skal víkja af fundi vegna vanhæfis sbr. 17. gr samþykktu um stjórn og fundarsköp Norðurlþings.

Þóknanir fyrir setu í byggðarráði eru ákvarðaðar í samþykkt um starfskjör kjörinna fulltrúa í Norðurlþingi og fjárhagsáætlun hvers árs.



12. gr.
Gildistaka.

Erindisbréf þetta er sett með heimild í 32. gr. samþykktar um stjórn og fundarskög Norðurþings nr. 670/2022.

Samþykkt á 425. fundi byggðarráðs Norðurþings þann 30.3.2023

Staðfest á 133. fundi sveitarstjórnar Norðurþings þann 13.04.2023

